

Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 24. febr. 1928.

Nr. 80/1927.

Valdstjórnin (Guðm. Ólafsson)

gegn

Fritz Rieschmüller (Svb. Jónsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 22. ág. 1917: Kærður, Fritz Rieschmüller, greiði 12500 króna sekt í Landhelgisjóð Íslands og sæti 6 mánaða einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd innan viku frá birtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri öll — þar með taldir dragstrengir — sem er um borð í botnvörpunum Westbank P. G. 272 sje upptækt og renni andvirðl þess í sama sjóð.

Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem segir í hinum áfrýjaða lögreglurjettar-dómi sá varðskipið Fylla skip kærða austur af Ingólfs-höfða kl. 1,05 f. h. þ. 19. ágúst f. á. og mældi þá þegar með kompásmiðunum og fjarlægðarmæli, að kærði var þá 0,8 sjómílu innan landhelginnar. Eftir þetta athugaði varðskipið, að skip kærða sigldi óslitinn stundarfjórðung sömu stefnu út frá landi og er varðskipið að liðnum þeim stundarfjórðungi kom að skipi kærða með botnvörpu úti, þá mældist það með nýjum kompásmiðunum varðskipsins að vera á landhelgislinunni, og kemur þetta heim við fyrri mælinguna eftir þeim hraða, sem ætla má, að skip kærða

hafi farið með. Skýrslu skipherrans á Fyllu um þetta hefir ekki verið hnekt, hvorki með miðunum þeim, sem kærði hefir borið fyrir sig í lögreglurjettinum nje með gögnum þeim, er útveguð hafa verið eftir að lögreglurjettardómurinn var kveðinn upp og lögð hafa verið fram í hæstarjetti. Er því fyrir hendi í málinu næg sönnun þess, að kærði hafi á fyrgreindum tíma verið að botnvörpuveiðum í landhelgi og með því gjörst brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920. Og með því fallist vörður á ákvæði lögreglurjettardómsins um refsingu, upptekt afla og veiðarfæra og um málskostnað, ber að staðfesta dóminn

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað. — Kærði Fritz Rieschmüller greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna, Guðmundar Ólafssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn kærðum Fritz Riesschmüller, skipstjóra á þýska botnvörpunum Westbank P. G. 278, til heimilis í Nordenfeldtstrasse 21, Geestemünde, fyrir brot á lögum nr. 5, frá 1920 um bann gegn veiðum með botnvörpu í landhelgi og eru málavaxtir þeir, sem nú skal greina.

Kl. 01,05 hinn 19. þ. m. var varðskipið Fylla við strandgæslu nálægt Ingólfshöfða og tók eftirfarandi staðarákvörðun:

Vitinn á Ingólfshöfða í rjettvisandi 270°

Knappavellir i — 343°

Rákartindur i — 9°

og sá þá botnvörpungu í rjettvisandi miðun 216° með stefnu frá landi. Hafði botnvörpungurinn nokkra stund stefnt til lands og var að snúa út frá landi er miðun þessi var tekin. Fjarlægðin frá varðskipinu til botnvörpungsins var 2400 metrar og hefir hann því verið á stað, sem er 0,8 sjómilur innan landhelgi.

Varðskipið fór nú í áttina til botnvörpungsins og kl. 0,120 var varskipið við hann og tók þá eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfðaviti í rjettvisandi 288,5°

Knappavellir . . i — 344,5°

Rákartindur . . i — 7,5°

og er sá staður í landhelgislinunni.

Var ljósi kastað á botnvörpunginn og sást þá að hann hafði stjórnborðsvörpu í sjó. Var honum gefið stöðvunarmerki og síðan skotið lausu skoti og stansaði hann þá.

Fór varðskipið með hann hingað til Reykjavíkur.

Skýrsla kærðs gengur í þá átt, að hann hafi verið að fiska á umræddum slóðum, eingöngu utan landhelgi,

Hann kveðst hafa tekið staðarathuganir kl. 3,00 (þýskur tími) og miðað Örafajökul í N. til A. og Ingólfshöfðavita í N. W. er eftir sjókorti gefi stað utan landhelgi. Ekki hafði hann þó sett þann stað út í kort sitt svo sjáanlegt væri er hann var yfirheyrður af foringjum varðskipsins og rjettinum sýndi hann annað kort, er staður þessi var settur út í af honum síðar.

Kærður heldur fast við að sínar mælingar sjeu rjettar og dregur staðarmælingar varðskipsins í efa, þótt hann haldi því ekki fram að geta mótsannað þær.

Hann kveðst hafa komið nær landi en hann hafi ætlað sjer vegna þess að hann hafi orðið að beygja til að forðast árekstur við 2 botnvörpunga, sem voru að veiðum á sömu slóðum og að verið hafi sterkur straumur í áttina til lands, svo að ef hann hafi lent inn fyrir landhelgislinuna — sem hann mótmælir — þá hafi það verið algjörlega að óvilja sinum og af orsökum, sem hann geti ekki borið ábyrgð á.

Rjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar, að mæl-

ingar kærðs geti ekki verið gerðar með sömu nákvæmni og mælingar þær, sem varðskipið hefir gert með miklu nákvæmari tækjum og undir mun betri skilyrðum og sem eru þannig úr garði gerðar (teknað til þriggja staða) að þær »kontrollera« sig sjálfar. Verður það því að teljast sannað, að botnvörpungurinn hafi verið að veiðum á þeim slóðum, sem varðskipið hefir gefið upp. Þá getur það ekki verið vafamál, að ef sjókortunum ekki ber saman, sem ekki er fullkomlega upplýst, enda þau af mismunandi stærð, þá verði kort varðskipsins, sem er mun stærra og nákvæmara og auk þess löggilt af danska flotamálaráðuneytinu og stjórnarráði Íslands, að leggjast til grundvallar.

Það verður að teljast sannað, að kærður hafi verið að veiðum í landhelgi og getur það eigi losað hann undan refsingu samkvæmt lögum nr. 5 frá 1920 þótt skýrsla hans um að hafa orðið að vikja fyrir öðrum skipum til að forðast ásiglingu væri rjett, því vitanlega verður hann að sjá um að halda skipi sínu svo langt frá landhelgislinunni er hann er að veiðum, að hann geti — þegar fleiri skip veiða á sömu slóðum — athafnað sig án þess að fara inn fyrir hana, hvað þá heldur 0,8 úr sjómilu eins og hjer átti sjer stað.

Kærður hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir landhelgisbrot.

Brot kærðs ber að heimfæra undir 1. gr. laga nr. 5 frá 1920 og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið eftir 3. gr. laganna sbr. 1. gr. laga nr. 4 frá 11. apríl 1924 hæfilega ákveðin 12500 króna sekt, er renni í Landhelgissjóð Íslands, með tilliti til þess að gengi islenskrar krónu er í dag eftir upplýsingum frá Landsbanka Íslands 81,74 gullaurar, og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan viku frá birtingu dóms þessa.

Afli sá, sem í skipinu er og veiðarfæri öll — þar með taldir dragstrengir — sje upptækt og renni andvirði þess í sama sjóð.

Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.